

Þórarinn Þórarinsson
Flyðrugrandi 6
107 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2024
UST202404-166/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Þórarinn Þórarinsson, dagsett 15. apríl 2024, um leyfi til rannsókna innan Kerlingarfjalla.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. [auglýsing nr. 822/2020](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til áframhaldandi rannsókna í Skipholtskrók. Grafa á 4x4 metra holu í gróið land. Sambærileg hola var grafin 20 metrum norðaustar við fyrirhugað rannsóknarsvæði árið 2021. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu fylgdi með umsókninni. Við gröftinn verður notuð nett grafa á beltum sem er minni en grafan sem notuð var 2021. Gróðurþekjunni verður lyft og lögð til hliðar meðan grafin verður 3-4 metra djúp hola. Gróðurþekjan verður lögð aftur niður að rannsókn lokinni. Að verkefninu kæmu 9-10 manns á tímabilinu 28.-31. júlí 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt ti að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og gesti þess sé farið að skilyrðum leyfisins. Svæðið er utan alfararleiðar og fáiir sem eiga þarna leið um. Stofnunin metur að neikvæð áhrif á náttúrufar séu einkum bundin við rannsóknartímann og hægt sé að draga úr þeim sé farið er eftir skilyrðum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Þórarinn Þórarinsson fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknum innan Kerlingarfjalla sbr. lýsingu hér að ofan 28.-31. júlí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Varðveita skal þann gróður sem fjarlægja þarf og leggja hann aftur yfir sárið að verki loknu.
- Það efni sem grafið er upp úr holunni skal lagt á svæði sem er lítt eða ógróið. Reynist það ekki unnt skal það sett á dúk til að auðveldara sé að fjarlægja það af gróðurlendinu þegar það er sett aftur í holuna.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Einungis skal aka gröfunni að rannsóknarsvæðinu. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum. Óheimilt er að aka öðrum ökutækjum utan vega.
- Gæta skal að mengunaryörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi gæti þurft frá Minjastofnun Íslands fyrir verkefninu.

Leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf ef flytja á sýni úr landi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um rannsóknir er kr. **62.400**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Valdimar Kristjánsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur